



Gjaldskrá leikskóla – frá 1. september 2023

Ný gjaldskrá leikskóla tekur gildi 1. september þar sem dvalargjöld verða gjaldfrjáls fyrir vistun sem er 6 stundir á dag eða skemur.

Fæðisgjöld

	Fæðisgjöld
Hádegisverður	7.780
Hressing	2.682
Fullt fæði	10.462

Gjaldskrá

		Almennt gjald		
		Með		
Dvalarstundir	Dvalargjald	Með hressingu	hádegismat	Með fullu fæði
4,0	0	2.682	7.780	10.462
4,5	0	2.682	7.780	10.462
5,0	0	2.682	7.780	10.462
5,5	0		7.780	10.462
6,0	0		7.780	10.462
6,5	24.154		31.934	34.616
7,0	26.012		33.792	36.474
7,5	32.512		40.292	42.974
8,0	39.012		46.792	49.474
8,5	48.012		55.792	58.474
9,0	67.012		74.792	77.474

Afsláttur af Leikskólagjöldum

Tekjutengdur afsláttur

Boðið verður upp á að sækja um tekjutengdan afslátt vegna dvalargjalda í leikskóla frá 1. september 2023. Tekjutengdur afsláttur er 40% af dvalargjöldum. Reglur um tekjutengdan afslátt má finna undir [reglum menntasviðs](#) á heimasíðu Kópavogsbæjar.

Aðrir afslættir verða áfram í boði til áramóta en falla þá niður, þ.e. afsláttur fyrir einstæða foreldra, námsmenn þar sem báðir foreldrar eru í fullu námi og öryrkja með metna örorku (75% eða meira).



Hægt er að sækja um ofangreinda afslætti með því að opna „Umsókn um leikskóla“ í [þjónustugátt](#). Umsókn um tekjutengdan afslátt þarf að berast fyrir 20. hvers mánaðar og tekur gildi næstu mánaðarmót á eftir. Afslættir eru ekki veittir afturvirkir.

Námsmenn þurfa að framvísa vottorði til staðfestingar um námsárangur eftir hverja önn og er afsláttur leiðréttur eftirá fyrir hverja önn. Afsláttur til námsmanna gildir ekki 1. júní til 31. ágúst, nema foreldrar séu í fullu sumarnámi.

Systkinaafsláttur

Systkinaafsláttur er 30% af dvalargjaldi fyrir annað barn, en 100% af dvalargjaldi fyrir þriðja barn eða fleiri. Systkinaafsláttur gildir einnig ef yngra systkini fær greidd framlög frá Kópavogsbæ vegna dvalar hjá dagforeldri. Systkinaafsláttur reiknast af dvalargjaldi eldri systkina. Systkinaafsláttur reiknast ofan á aðra afslætti. Ekki er veittur afsláttur af fæðisgjöldum. Ekki þarf að sækja um systkinaafslátt.

Ný gjaldskrá tekur gildi 1. september 2023

Samþykkt í bæjarráði Kópavogs, 6. júlí 2023